

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 59/2017

frá 17. mars 2017

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB frá 26. júní 2013 um breytingu á tilskipun 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ⁽¹⁾.
- (2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5k (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32013 L 0037**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB frá 26. júní 2013 (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/37/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

formaður.

Claude Maerten

* Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.